

Fundargerð fundar Samgöngunefndar Fjórðungssambands Vestfirðinga, þann 16. júní 2017, kl 14.00. Haldinn í fjarfundi

Mætt voru Sigurður Hreinsson, formaður, Ásgeir Jónsson og Karl Kristjánsson. Einnig sátu á fundinum Aðalsteinn Óskarsson framkvæmdarstjóri FV og Lína Björg Tryggvadóttir verkefnastjóri FV sem ritaði fundargerð.

Formaður kynnti að Ingibjörg Benediktsdóttir og Nanný Arna Guðmundsdóttir hefðu forfallast rétt fyrir fundinn og því ekki tók á að boða varamenn þeirra.

Boðuð dagskrá fundarins var sem hér segir.

1. Samningur við NVB – Hvert er framhaldið varðandi almenningssamgöngur á Vestfjörðum. Á að leita til NVB til að bjóða út nýjar leiðir á svæðinu ?
2. Almenningsamgöngur á sunnanverðum Vestfjörðum – Nýr styrkur komin í hús. Framhald verkefnisins
3. Almenningsamgöngur á Norðanverðum Vestfjörðum – Sérleyfi á milli Ísafjarðar og Bolungarvíkur
4. Önnur mál

Gengið til dagskrár fundarins

1. Samningur Vegagerðarinnar við landshlutasamtök um almenningssamgöngur.
Í upphafi verkefnisins var ljóst að þau sérleyfi sem um ræðir, innan NV-kjördæmis, væru að skarast verulega og hefur því umsjón verkefnisins verið á einni hendi, SSV, enda þó svo að Vegagerðin væri með jafnframt með samninga við FV og SSV. Á stjórnafundi FV þann 24. janúar 2017. var samþykkt að FV legði hlutfé í félagið NVB, sem er stofnað til að halda utan um samninga FV, SSV og SSV við Vegagerðina um sérleyfi, sem og við verktaka.

Aðalsteinn mun sitja fund í næstu viku vegna hluthafaaukningar NVB og frágang vegna þess. Áætlað er að samningar verktaka vegna almenningssamgangna muni fara inn til NVB. Rekstur SSV vegna almenningssamgangna flyst inn í NVB en kostnaður landshlutasamtakanna þriggja mun haldast óbreyttur. Gert verður upp við SSV vegna þeirra þjónustu sem þau hafa veitt undanfarin ár. Telja má líklegt að með breyttu skipulagi verði hægt að sjá tekjur frá þessu verkefni á næstu árum. Samningur landshlutasamtakanna við Vegagerðina rennur út 31. desember 2018, en samningurinn mun framlengjast um ár í senn, ef honum er ekki sagt upp með sex mánaða fyrirvara.

Nefndin óskar eftir frekari upplýsingum um stöðu mála hjá öðrum landshlutasamtökum sem sjá um almenningssamgöngur, og hvort almennur áhugi er í öðrum landshlutum um framhald verkefnisins, áður en ákvörðun verður tekin um endurnýjun samningsins.

2. Almenningsamgöngur á sunnanverðum Vestfjörðum.

Endurnýjuð var umsókn til Vegagerðar varðandi þróunarverkefnið; „Almenningsamgöngur á milli Patreksfjarðar, Tálknafjarðar og Bíldudals“. Sótt var um sömu upphæð og á síðasta ári, 9,4 milljónir. Að þessu sinni fékkst styrkur upp á 7,0 milljónir í verkefnið, sem er heldur hærra en fékkst á síðasta ári.

Nefndin samþykkir að unnið verði áfram að þessu verkefni og að styrkurinn renni til framkvæmdaraðila verkefnisins. Nefndin vísar því til framkvæmdastjóra að starfsmenn FV verði Vesturbyggð innan handar við vinnu að nýju útboði, líkt og óskað hefur verið eftir.

3. Almenningsamgöngur á norðanverðum Vestfjörðum.

Eigendaskipti eru fyrirhuguð á fyrirtækinu, sem verið hefur með samning um sérleyfin Bolungarvík-Ísafjörður-Bolungarvíkur og Bolungarvík-Ísafjarðarflugvöllur. Óskað hefur verið eftir því við FV að sérleyfið fái að fylgja með við söluna, en eitt ár er eftir af samninginum um sérleyfið.

Nefndin telur að í ljósi nýtilkominnar frístundarrútu milli Ísafjadrar og Bolungarvíkur, sé rétt að sveitarfélögin tvö fái að gera athugasemdir við áformin, áður en hægt er að gefa ákveðið svar til sérleyfishafans. Nefndin felur starfsmönnum FV að boða til fundar með bæjarstjórum og senda nefndinni frekari upplýsingar eftir fundin.

4. Önnur mál.

Karl upplýsti að fyrir stuttu hófst vinna við að leggja ljósleiðara að lögbýlum í Reykhólahreppi.

Fram kom að hafnar eru undirbúningsframkvæmdir vegna Dýrafjarðarganga, en reikna má með að fyrstu sprengingar verði í ágúst. Málþing sem boðað hafði verið í vor, en var frestað vegna ófærðar, um samgöngumál verður væntanlega haldið við sama tilefni. Nefndarmenn eru hvattir til að fylgjast með tímasetningu á viðburðinum og mæta ef þess er nokkur kostur.

Ásgeir og Sigurður sögðu í fáum orðum frá vinnu starfshóps um leiðarval á Dynjandisheiði, en þeir eru fulltrúar FV í starfshópnum. Fram kom að vinnan sé á lokastigi og að starfshópurinn myndi fljótlega skila frá sér skýrslu um tillögu að nýju vegstæði yfir Dynjandisheiði

Rædd staða vegagerðar á Vestfjarðarveg 60 - Gufudalssveit. Nefndin beinir því til stjórnar FV að koma á fundi með stjórn FV, samgöngunefndar FV og sveitastjórn Reykhólahrepps vegna málsins.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:55

Lína Björg Tryggvadóttir.